

Mannvit hf.
Auður Andrésdóttir
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur



Reykjavík 2. febrúar 2016
UST201601-168/B.S.
10.05.00

Efni: Drög að tillögu að matsáætlun - Hálendismiðstöð Kerlingarfjöllum. Umsögn

Vísað er til bréfs Mannvits dags. 21. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög.

Umhverfisstofnun telur að þar sem framkvæmdir eru þegar hafnar við 1. áfanga nýrrar Hálendismiðstöðvar verði að sumu leyti við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fjallað um orðinn hlut. Umhverfisstofnun telur æskilegt að unnt hefði verið að fjalla um kosti og galla fyrirhugaðrar staðsetningar mannvirkja. Einnig má benda á að umfjöllum um núll-kost verður nánast óþörf þar sem framkvæmdir eru þegar hafnar.

Umhverfisstofnun telur að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar ætti að styðjast enn frekar við skýrsluna Kerlingarfjöll – þolmarkarannsókn.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að skilgreina auðlindir Kerlingarfjalla eins og gert er í fyrirnefndri skýrslu og staðsetningu mannvirkja, en þar segir m.a.: „Þannig væri hin almenna þjónusta við ferðamenn færð frá auðlindinni og hún fengi að standa frí af byggingum og þannig njóta sín laus við sjónmengun af skálum og öðrum innviðum. Hvað þetta varðar þá er ljóst að ferðaþjónustan og reksturinn í Kerlingarfjöllum byggir á slíku módeli en þjónustuinnviðir, utan göngustíga og vegslóða, eru allir staðsettir í Ásgarðsdal og auðlindin sjálf í um 5-7 km fjarlægð.“

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun í tillögu að matsáætlun ætti að vera í meira samræmi við þær niðurstöður sem koma fram í fyrirnefndri skýrslu.

Vöktun

Umhverfisstofnun bendir á að með auknum fjölda ferðamanna sem heimsækja Kerlingarfjöll og mögulega lengri viðveru fleiri ferðamanna á svæðinu ætti að vakta þau áhrif sem þessi aukning gæti haft á innviði svæðisins og kanna jafnframt viðbrögð ferðamanna við aukinni uppbyggingu. Þar sem framkvæmdum verður skipt í 3. áfanga væri unnt að kanna áhrif hvers áfanga fyrir sig. Umhverfisstofnun telur að við uppbyggingu ferðamannastaða á hálendinu þurfi að leitast við að finna jafnvægi milli þess að hafa nægjanlega marga gesti til að standa undir rekstri, en ekki það marga að svæðin láti á sjá og þau missi aðdráttarafl sitt.

Byggingamagn

Umhverfisstofnun telur að við mat á umhverfisáhrifum þurfi að kanna hversu miklum mannvirkjum sé unnt að koma fyrir á svæði eins og Ásgarðsdal. Sérstaklega ætti að skoða samspil nýrra bygginga og dreifðra smáhýsa og hvort fjöldi og umfang bygginga rúmist vel innan dalsins.


Umhverfisstofnun telur að betra væri að skynja umfang mannvirkja ef stærð mannvirkja væri gefin upp í gólfleti mannvirkja í stað grunnflatar. Kanna ætti hvort byggingar á einni hæð falli betur að landi.

Umhverfisstofnun vill ítreka að reynt verði að nota enn frekar umrædda þolmarkagreiningu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, því þar koma vel fram þær mismunandi kröfur sem ferðamenn gera til svæða eins og Kerlingarfjalla. Sérstaklega eru áhugaverð viðhorf ferðamanna til núverandi vega á svæðinu og skoðanir á þróun þeirra í framtíðinni.

Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir vegum og slóðum innan þess svæðis sem um ræðir. Stofnunin vill vekja athygli á því að nú er unnið að friðlýsingu Kerlingarfjalla.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri